



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 5/2013

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Íslandsbanka
2. Samtökum fjármálafyrirtækja

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 5/2013 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Íslandsbanki hf.	Almenn umsögn	Bent er á að kröfur draganna um aðskilnað starfssviða ganga lengra en tíðkast í framkvæmd hjá fjármálafyrirtækjum á EES-svæðinu. Bankanum er ekki kunnugt um að svipaðar kröfur séu gerðar af fjármálaeftirlitum annarra EES-ríkja og bendir því á hættuna á því að hér virðast sett séríslensk viðmið sem gangi lengra en viðmið í öðrum EES-ríkjum. Umfjöllunar er þörf um nefndir/ráð sem skipaðar eru starfsmönnum deilda sem eiga að vera aðskildar
2	Íslandsbanki hf.	1.2	Setja má fram með skýrara hætti setninguna um að "aðskilja skuli eftirlit innan fyrirtækisins með aðilum þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp gagnvart viðskiptavininum". Setninguna má skilja sem svo að eftirlitseiningar þurfi að vera aðskildar eftir eftirlitsandlagi hverju sinni en væntanlega er átt við að eftirlitseining þurfi að vera aðskilin frá þeim einingum sem taldar eru upp í gr. 2.4.
3	Samtök fjármálafyrirtækja	1.3	Í málgreininni er ýmist talað um fyrirtæki eða fjármálafyrirtæki. Líklega er í öllum tilvikum átt við fjármálafyrirtæki. Mælt er með því að hugtakanotkun verði samræmd og hugtakið fjármálafyrirtæki verði notað í öllum tilvikum til að koma í veg fyrir túlkunarvanda.
4	Samtök fjármálafyrirtækja	2.3	<p>Í 2. mgr. segir: „Þegar aðstæður eru með þeim hætti að hætta er á hagsmunaárekstrum milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar, ber fjármálafyrirtæki að láta hagsmuni viðskiptavinarins ganga fyrir eigin hagsmunum.“ Að mati SFF gengur þessi setning allt of langt og mun lengra en lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, eða reglugerð um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 995/2007, mæla fyrir um. Það er engan veginn réttlæt看legt að fjármálafyrirtæki láti hagsmuni viðskiptavinar ganga fortakslaust fyrir eigin hagsmunum. SFF mælask til þess að setningin verði tekin út.</p> <p>Síðar í 2. mgr. segir að starfsmenn skuli gæta þess „að viðskiptamenn bankans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.“ Hugsanlega er ætlunin hér að vísa til bestu framkvæmdar skv. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti en þessi setning gengur mun lengra en lögin gera. Bent er á að í starfsemi fjármálafyrirtækja getur verið fullkomlega eðlilegt að viðskiptavinir njóti mismunandi viðskiptakjara í samræmi við umfang viðskipta þeirra, viðskiptasögu o.fl. Þessi krafa er því allt of 2 afdráttarlaus og getur ekki staðið svona. SFF mælask til þess að setningin verði tekin út. Samkvæmt framansögðu er lagt til að 2. mgr. í gr. 2.3 hljóði svo: <i>Aðskilnaðurinn er mikilvægt tæki til að viðhalda trúverðugleika fjármálafyrirtækja og því er nauðsynlegt að vandað sé til hans og honum fylgt eftir með öflugri kynningu og eftirliti. Ef ekki er til staðar fullnægjandi aðskilnaður starfssviða getur það haft áhrif á hvort fjármálafyrirtæki geti nýtt starfsheimildir sínar</i></p>

			<i>til fulls.</i>
5	Íslandsbanki hf.	2.4	<p>Í 2. mál mgr. er fjallað um hvað koma þurfi fram í stefnu um hagsmunaaðrekstra. Íslandsbanki hefur sett nefnda stefnu en "undir" henni eru síðan settar reglur með nánari útfærslu, t.d. upptalning deilda o.s.frv. Koma mætti því fram hvort slík atriði mættu koma fram í stefnu og/eða reglum.</p> <p>Í lok 2. mgr. er fjallað um "nauðsynlegan" og "æskilegan" aðskilnað. Skýrari framsetning gæti verið ef tegundir aðskilnaðar eru settar fram sem skilgreiningar í upphafi 2. kafla.</p>
6	Samtök fjármálafyrirtækja	2.5	<p>Í greininni segir að sami stjórnandi skuli ekki stýra þeim „sviðum eða deildum“ þar sem þörf er á nauðsynlegum aðskilnaði. Ákveðnir stjórnendur geti þó haft yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar aðskilinna sviða. SFF eru í stórum dráttum sammála þessari nálgun en benda á að almennt má miða við að sá stjórnandi sem fer með daglega stjórn einnar deildar geti ekki horft yfir kínamúr en sviðsstjóri gæti mögulega horft yfir kínamúrinn. Í skipuriti fjármálafyrirtækja er almennt gert ráð fyrir sviðum sem skiptast svo niður í deildir. Yfirsýn í þessu undantekningarákvæði þarf að ná yfir deildir en ekki svið. Að mati SFF er því rétt að vísa eingöngu til deilda í textanum. Lagt er til að eftirfarandi orðalag verði notað: <i>Sami stjórnandi skal ekki fara með daglega stjórn í þeim deildum þar sem þörf er á nauðsynlegum aðskilnaði. Ákveðnir stjórnendur geta þó haft yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar aðskilinna deilda.</i></p>
7	Íslandsbanki hf.	2.5	<p>Íslandsbanki telur alls ekki skýrt í hvaða tilvikum undanþágan vegna ákveðinna stjórnenda með yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar aðskilinna sviða gæti átt við. Taka mætti sem dæmi hvort átt sé við forstjóra fjármálafyrirtækisins, framkvæmdastjóra tiltekins sviðs</p>

8	Íslandsbanki hf.	2.6	<p>Íslandsbanki bendir á eftirfarandi m.t.t. myndarinnar á bls. 6:</p> <ul style="list-style-type: none"> - í sömu deildum bankans er sinnt bæði miðlun og ráðgjöf af sömu starfsmönnum, t.d. í verðbréfamiðlun, sbr. starfsleyfi verðbréfamiðlana eins og því er lýst í 6. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (móttaka og miðlun og fjárfestingaráðgjöf). Ógerlegt er að sjá hvernig hægt væri að koma við æskilegum aðskilnaði innan slíkra deilda eftir því hvort samskipti við viðskiptavin feli í sér ráðgjöf eða miðlun hverju sinni þar sem oft er um bæði að ræða í t.d. sama símtali. - innan eignastýringar er bæði sinnt ráðgjöf og stýringu, s.s. asset management. Ómögulegt er að sjá hvernig hægt yrði að koma við æskilegum aðskilnaði innan þeirrar deildar þar sem viðskiptavini sem er í eignastýringu er einnig veitt ráðgjöf vegna einstakra viðskipta og t.d. við endurskoðun fjárfestingarstefnu og markmiða með reglulegu millibili. - í fyrirtækjaráðgjöf getur einnig verið veitt fjárfestingaráðgjöf líkt og FME er meðvitað um sbr. svar þeirra við fyrirspurn SFF vegna gildistöku laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 þann 1. nóvember 2007 þar sem umfjöllunarefni bréfaskiptanna var að hvaða leyti fjárfestingarráðgjöf væri veitt innan fyrirtækjaráðgjafa fjármálafyrirtækja. Erfitt er því að sjá hvernig æskilegum aðskilnaði ætti að vera beitt milli fyrirtækjaráðgjafar og fjárfestingarráðgjafar. <p>=> vegna ofangreindra þriggja punkta telur bankinn að engin hætta sé á hagsmunaárekstrum í þessum aðstæðum þar sem við veitingu beggja tegunda þjónustunnar (1. miðlun + ráðgjöf, 2. ráðgjöf + stýring, 3. ráðgjöf + fyrirtækjaráðgjöf) sé verið að sinna hagsmunum viðskiptavinarins með besta móti án þess að upplýsingar eða hvati vegna eigin hagsmuna bankans (t.d. eigin viðskipta hans) geti haft áhrif. Þjónustan við viðskiptavininn verður þvert á móti enn betri þegar sami starfsmaðurinn veitir t.d. bæði ráðgjöfin og sinnir miðluninni vegna sama viðskiptavinarins því þá er tryggt að hagsmunir hans séu sem best tryggðir í gegnum allan feril viðskiptanna/þjónustunnar.</p>
9	Íslandsbanki hf.	2.7	<p>Orðlag ákvæðisins bendir til fortakslauss banns á upplýsingaflæði milli starfssviða en grein 2.8. bendir til að svo er ekki heldur þarf að setja reglur um hvernig samskiptum milli starfssviða er háttað. Skýra mætti betur muninn þarna á milli. Heimilar 2.8. að upplýsingar berist á milli sviða að einhverjum skilyrðum uppfylltum? Því væri betra að í grein 2.7. væri vísað til greinar 2.8. með frekari skýringum.</p> <p>Loks er bent á að til fyllingar á efni kaflans væri æskilegt að koma inn á að gæta þurfi að því hvernig miðlun upplýsinga er framkvæmd í nefndum og ráðum innan fjármálafyrirtækis. Sem dæmi má nefna að eðlilegt getur verið að fjármálafyrirtæki setji sér viðmið um upplýsingamiðlun í nefndum og ráðum t.d. í framkvæmdastjórn og áhættunefnd. Þetta mætti t.d. nefna í grein 2.8. en 1. mgr. gæti þá hljóðað svo: Stefna um hagsmunaárekstra þarf að taka til þess hvernig samskiptum milli starfssviða er háttað, þ.m.t. miðlun upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu og/eða aðskilnaði (kínamúrum). Til fyllingar stefnunni er æskilegt að fjármálafyrirtæki setji sér</p>

			víðtækar reglur sem sniðnar eru eftir eðli starfseminnar og skipulagi t.d. öryggisreglur um vörslu gagna í læstum hirslum, meðferð tölvulykilorða, upplýsingamiðlun í nefndum og ráðum o.s.frv.
10	Samtök fjármálafyrirtækja	2.7	<p>Orðlag ákvæðisins bendir til fortakslaus banns á upplýsingaflæði milli starfssviða en í grein 2.8. kemur fram að svo er ekki heldur þarf að setja reglur um hvernig miðlun upplýsinga skal háttað. Því væri betra að í grein 2.7. væri vísað til greinar 2.8.</p> <p>Loks er bent á að til fyllingar á efni kaflans væri æskilegt að koma inn á að gæta þurfi að því hvernig miðlun upplýsinga er framkvæmd í nefndum og ráðum innan fjármálafyrirtækis. Sem dæmi má nefna að eðlilegt getur verið að fjármálafyrirtæki setji sér viðmið um upplýsingamiðlun í nefndum og ráðum t.d. í framkvæmdastjórn og áhættunefnd. Þetta mætti t.d. nefna í grein 2.8. en 1. mgr. gæti þá hljóðað svo: <i>Stefna um hagsmunaárekstra þarf að taka til þess hvernig samskiptum milli starfssviða er háttað. Til fyllingar stefnunnar er æskilegt að fjármálafyrirtæki setji sér víðtækar reglur sem sniðnar eru eftir eðli starfseminnar og skipulagi t.d. öryggisreglur um vörslu gagna í læstum hirslum, meðferð tölvulykilorða, upplýsingamiðlun í nefndum og ráðum o.s.frv.</i></p>
11	Íslandsbanki hf.	2.8	Í 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um skrá um undantekningartilvik. Benda má á að slíkt mætti skrá í samskiptaskrá regluvarðar.
12	Samtök fjármálafyrirtækja	3.5	Í ákvæðinu segir að rekstrarfélag með heimildir til eignastýringar skuli leita samþykkis viðskiptavinar áður en fjárfest er í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hér er líklega átt við að rekstrarfélag eigi að leita samþykkis viðskiptavinar áður en það fjárfestir í eigin sjóðum. Það væri til bóta að bæta því við greinina til skýringar.
13	Samtök fjármálafyrirtækja	3.8	<p>Í greininni segir að alger aðskilnaður skuli vera á milli rekstrarfélags og móðurfélags og vörslufyrirtækis. Síðan er fjallað um nauðsynlegan aðskilnað starfssviða rekstrarfélaga. Þau drög að leiðbeinandi tilmælum sem hér eru til umfjöllunar fjalla um aðskilnað starfssviða. Um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði rekstrarfélaga verðbréfasjóða skv. 15. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er fjallað í leiðbeinandi tilmælum FME nr. 5/2003. Því er það mat SFF að það sé óþarfi að fjalla um aðskilnað rekstrarfélags og móðurfélags í þessum nýju tilmælum en slíkt er til þess fallið að valda ruglingi. 3</p> <p>Varðandi nauðsynlegan aðskilnað starfssviða rekstrarfélaga þá telja SFF að það sé ekki í öllum tilvikum mikil hættu á hagsmunaárekstrum á milli sjóðastýringar og eignastýringar. Sjóðastýring og eignastýring felur í raun ekki í sér meiri hættu á hagsmunaárekstrum en að tveimur verðbréfasjóðum sé stýrt hlið við hlið. Því telja SFF gerðar séu of stífar kröfur í umræðuskjalinu um fullan aðskilnað þarna á milli. Í þessu sambandi er bent á þetta inngangsákvæði (nr. 13) í UCITS tilskipuninni 2009/65/EC: „With regard to the scope of activity of management companies and in order to take into account national law and permit such companies to achieve</p>

			<p><i>significant economies of scale, it is desirable to permit them also to pursue the activity of management of portfolios of investments on a client-by-client basis (individual portfolio management), including the management of pension funds as well as some specific non-core activities linked to the main business without prejudicing the stability of such companies. However, specific rules should be laid down in order to prevent conflicts of interest when management companies are authorised to pursue the business of both collective and individual portfolio management.</i></p>
14	Samtök fjármálafyrirtækja	4.2	<p>Í ákvæðinu segir: „Regluvarsla á að hafa yfirsýn yfir og kortleggja mögulega hagsmunaárekstra.“ Að mati SFF væri réttara að segja: <i>Regluvarsla á að hafa yfirsýn yfir og sjá til þess að mögulegir hagsmunaárekstrar séu kortlagðir.</i> Með þessari orðalagsbreytingu er fjármálafyrirtækinu heimilt að fela öðrum deildum að vinna að kortlagningu mögulegra hagsmunaárekstra þó að það sé alltaf svo að regluvarsla sem hefur yfirsýn yfir verkefnið.</p>